

Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2011

Safnastefna

á sviði þjóðminjavörslu
fyrir árin 2010-2014

Reykjavík 2011

Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands

Ábyrgðarmaður: Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður
Ritstjóri: Anna Lís Rúnarsdóttir
Ritnefnd: Rakel Halldórsdóttir, Ágústa Kristófersdóttir, Björn Pétursson, Bryndís Sverrisdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Haraldur Egilsson, Jón Sigurpálsson, Lilja Árnadóttir, Lýður Pálsson, Nathalie Jacqueminet, Sigrún Ásta Jónsdóttir

Umbrot og
textavinnsla: Þjóðminjasafn Íslands og safnaráð
Prentun: Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja




© 2011 Þjóðminjasafn Íslands
Öll réttindi áskilin

ISSN 1670-3685

Forsíðumynd: Þjóðminjasafn Íslands

Efnisyfirlit

Formáli	5
1. Inngangur	6
2. Grundvöllur safnastarfs.....	8
3. Miðlun.....	12
4. Söfnun	14
5. Skráning	15
6. Várðveisla.....	16
7. Rannsóknir	17
8. Samvinna.....	18
9. Heimildir.....	19
10. Viðaukar.....	20



Formáli

Árið 2000 var þjóðminjaverði falið að hafa forystu um mótun stefnu í minja- og safnamálum og kom *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu 2003–2008* út árið 2003. Ný safnalög tóku gildi 2001 og starfsemi safna hefur þróast í nýju lagaumhverfi frá þeim tíma. Starf og frumkvæði safna um land allt samfara uppbyggingu höfuðsafnsins, Þjóðminjasafns Íslands, ásamt tilkomu safnaráðs og safnastefnunnar eru allt þættir sem stuðlað hafa að góðum árangri í faglegu starfi safna um allt land og framförum í safnastarfi.

Ný safnastefna byggir á fyrri stefnu og þeirri reynslu sem fengist hefur á umræddu tímabili. Stefnan tekur mið af því sem áunnist hefur og væntanlegum áherslum næstu ára. Safnastefnan var unnin með þátttöku minjasafnanna í landinu. Árin 2009–2010 var efnt til samráðsfunda í Þjóðminjasafni Íslands og í hverjum landsfjórðungi með fulltrúum safna, sveitarfélaga og ferðaþjónustu, þar sem áherslur nýrrar stefnu voru ræddar. Í kjölfarið var skipuð ritnefnd sem vann úr athugasemdum og gerði drög að nýrri stefnu með Þjóðminjasafninu. Safnastefnan var rædd á *Vorfunni Þjóðminjasafns Íslands*, sem er ársfundur safna á sviði þjóðminjavörslu með höfuðsafninu og verður dreift til safnanna á *Vorfunni* þessa árs. Öllum þeim sem komu að mótun stefnunnar er þakkað fyrir góðar ábendingar. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu eru einnig færðar þakkir.

Ljóst er að á sviði safnastarfs eru fjölmörg tækifæri til uppbyggingar, samfélaginu til góðs. Afar brýnt er nú að efla samvinnu safna og stefna að því að sameina söfn og safnatengda starfsemi þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að efla samvinnu við tengda aðila, svo sem á sviði menntunar og ferðaþjónustu. Rauði þráður safnastefnunnar er samstarf, verkaskipting og sérhæfing í takt við gildandi safnalög, aðstæður, frumkvæði og markvisst starf í minjasöfnum um allt land.

Mikilvægt er að fjárveitingum til safnastarfs verði úthlutað samkvæmt vandaðri og markvissri forgangsöröðun. Nauðsynlegt er í því skyni að efla faglega sjóði, í þessu tilviki safnasjóð, á kostnað beinna framlaga frá fjárlaganefnd (sjá skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Íslensk muna og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé*. Skýrsla til Alþingis. 2009). Þannig verði áherslur safnastefnunnar og safnalaga lagðar til grundvallar úthlutun á fjármagni frá opinberum aðilum. Safnaráð verði sá vettvangur þar sem faglegt mat fari fram. Þar er yfirsýn yfir starfsemi safnanna og forsendur til faglegrar forgangsöröðunar.

Safnastefna 2010–2014 byggir á gildandi safnalögum nr. 106/2001 og þjóðminjalögum nr. 107/2001, en með það í huga að verið er að endurskoða þau. Er það von mín og trú að sú endurskoðun miði að því að styrkja þá þætti sem hér er lögð áhersla á. Safnastefnan hefur verið birt á vefsíðum Þjóðminjasafns Íslands og safnaráðs 2010 og kemur nú út á prenti.

Frá því fyrsta safnastefnan kom út hefur mikið áunnist í safnastarfi á sviði þjóðminjavörslu á Íslandi. Á það við um alla þætti safnastarfs, svo sem sérhæfingu safna, skráningu í sameiginlegt upplýsingakerfi, Sarp, skilyrði til varðveislu, rannsókna og leiðir til miðlunar. Frekari uppbygging mun byggja á þeim grunni með vandað safnastarf og samvinnu að leiðarljósi. *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu 2010–2014* er ætlað að vísa safnmönnum og eigendum minjasafna veginn og hvetja til faglegs starfs á söfnum.

*Reykjavík, febrúar 2011,
Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður*

1. Inngangur

Söfn¹ eru mennta- og þjónustustofnanir sem hafa það hlutverk að varðveita menningararf þjóðarinnar og tryggja að almenningur geti notið hans. Á síðustu áratugum hefur starfsemi safna tekið miklum breytingum. Hún er orðin fjölbreyttari í takt við nýjar kröfur og væntingar samfélagsins. Frumherjar safnastarfs eiga þakkir skildar fyrir mikið brautryðjendastarf, þeir hafa safnað miklum verðmætum sem verður að hlúa að með virðingu.

Safnastefnan skiptist í sjö kafla og er í hverjum fyrir sig gerð grein fyrir markmiðum og helstu leiðum að þeim. Kaflaskiptingin byggir á fimm meginhlutverkum safna: miðlun, söfnun, skráningu, varðveislu og rannsóknum. En auk þess er fjallað um grundvöll safnastarfs og samvinnu. Mikilvægt er að menningarminjasöfnin í landinu taki virkan þátt í að vinna að þessum markmiðum í starfi sínu.

Árangur síðustu ára

Góður árangur hefur náðst á sviði safnastarfs á liðnum árum. Söfnin í landinu hafa unnið markvisst að því að styrkja starfsemi sína, bæði að eigin frumkvæði, undir leiðsögn safnaráðs, og með hliðsjón af *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu 2003–2008*.

Núgildandi lög um safnastarf voru sett árið 2001. Samkvæmt þeim gegnir safnaráð mikilvægu hlutverki og hefur með starfi sínu stuðlað að framförum í faglegum áherslum safnastarfs. Það vinnur að uppbyggingu safnastarfs í landinu (sjá nánar í viðauka) og er samráðsvettvangur safna. Þannig gaf safnaráð út stefnu um menntunarhlutverk safna árið 2006, sem unnin var með víðtæku samráði safna um allt land. Aukið samstarf stuðlar að eflingu á faglegu starfi safna, auknum rannsóknum og miðlun þekkingar á þessu sviði.

1 Í 4. gr. safnalaga nr. 106/2001 er safn skilgreint þannig: „Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sjónis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“

Skrifstofa safnaráðs hefur safnað kerfisbundið upplýsingum um safnastarf á Íslandi, m.a. eru upplýsingar um söfn í landinu á vefsíðunni www.safnarad.is, þar sem söfnin sjálf skrá og viðhalda sínum upplýsingum.

Söfn á einstökum svæðum hafa haft samvinnu um markaðs- og kynningarmál og staðið sameiginlega að útgáfu bæklinga. Safnaklasar hafa verið stofnaðir t.a.m. á Suðurlandi, í Eyjafirði og í Norðurþingi, og hafa þeir m.a. unnið að kynningarmálum, fræðslu og sameiginlegum viðburðum.

Árið 2008 hófst samstarfsverkefni í samtímasöfnun undir forystu Þjóðminjasafns Íslands og verða niðurstöður þess kynntar með farandsýningu árið 2011.

Faglegt starf safna hefur styrkst og starf safna er orðið markvissara, þó enn sé mikið óunnið á mörgum sviðum. Farnar hafa verið nýjar leiðir í samvinnu safna innan hvers svæðis og innan fagsviða.

Nýr og afar mikilvægur áfangi á sviði safnastarfs hefur náðst með þróun og útgáfu Sarps 3.0, sem verður veflægur.

Möguleikar til menntunar hafa aukist. Sem dæmi má nefna að Háskóli Íslands hefur frá árinu 2004 boðið upp á nám í safnafræði sem aukagrein til BA-prófs og frá 2009 sem rannsóknarnám til MA-prófs. Þá hefur FÍSOS staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum og Farskóli safnmanna hefur eflst ár frá ári.

Um hlutverk safna

Söfn eru ein af grunnstoðum samfélagsins. Þau taka þátt í að framfylgja markmiðum lýðræðis í samfélaginu með því að tryggja aðgengi að heimildum um uppruna og þróun mannlífs í landinu. Það er hlutverk safna að miðla upplýsingum um sögu og menningu til almennings. Þau eru jafnframt hluti hins óformlega menntakerfis samfélagsins.

Grunnhlutverk safna er að safna heimildum, frumgögnum, gripum (sem og upplýsingum um þá), varðveita þessi gögn, skrá þau, rannsaka og miðla fróðleik til almennings. Faglegt safnastarf byggir á öllum þessum þáttum sem tengjast og

mynda heildarsamhengi. Mikilvægt er að þróun og uppbygging safna byggji á öllum grunnþáttum safnastarfs og stefni að því að styrkja hið faglega samhengi þeirra. Hvert safn ber faglega ábyrgð á sínum safnkosti og meðferð hans. Því er afar mikilvægt að fagaðilar taki þátt í stefnumótun um málefni safna og framkvæmd hennar.

Hugtök

Samkvæmt gildandi safnalögum ber höfuðsöfnum að stuðla að samræmdri safnastefnu á sínu sviði. Þjóðminjasafn Íslands er samkvæmt 5. gr. safnalaga nr. 106/2001 höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og ber að vera öðrum menningarminjasöfnum til fyrirmyndar og ráðgjafar. Samkvæmt málvenju og hefð eru þau nefnd minjasöfn og skiptast í byggða- og sérsöfn. Þjóðminjasafn Íslands og minjasöfnin eru hluti minjavörslunnar, ásamt Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd ríkisins, og gegna þau öll opinberum skyldum í minjavernd.

Safnalög nr. 106/2001 gilda um öll söfn landsins. Samkvæmt 2. gr. þeirra nær hugtakið minjasafn bæði til menningar- og náttúru-minjasafna. Menningarminjasafn hefur viðtækt hlutverk samkvæmt lögum og í samræmi við siðareglur ICOM (Alþjóðaráðs safna). Þótt starfsemi sé mismunandi eftir viðfangsefnum og söfnunarflokkum eru rekstur og stjórnun, söfnun, skráning, rannsóknir, miðlun og varðveisla þeim öllum sameiginleg.

Safn, setur, sýning

Söfn á Íslandi eru af margvíslegum toga. Þau geta verið sérsöfn um ákveðinn málaflokk, eins og Sildarminjasafnið á Siglufirði, Heimilisíðnaðarsafnið á Blönduósi og ljósmyndasöfnin. Einnig eru fjölmörg byggða- og minjasöfn sem skilgreina starfsemi sína fyrst og fremst út frá starfssvæði. Eignarhald og rekstrarform safna er einnig mismunandi. Mörg eru í eigu sveitarfélaga en sum eru sjálfseignarstofnanir. Eigendur safna skipa fulltrúa í stjórnir safnanna. Þegar um er að ræða söfn í eigu sveitarfélaga er þessari ábyrgð oft bætt inn á verksvið stærri nefnda, s.s. menninganefnda sveitarfélaganna.

Gerður er greinarmunur á safni, setri og sýningu.

Söfn eru mennta- og þjónustustofnanir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu hvað varðar meðhöndlun, varðveislu og miðlun þekkingar um menningararfinn. Lögbundið hlutverk þeirra er að safna, varðveita, skrásetja, rannsaka og miðla menningararfinum. Söfn eru mikilvæg undirstaða starfs ýmissa annarra stofnana sem fjalla um menningararf, s.s. skóla, fræðimanna, fræðasetra, ferðaþjónustuaðila, listamanna og hönnuða. Söfn geta verið vettvangur samfélagsumræðu og látið til sín taka á því sviði.

Setur hafa ekki lögbundið hlutverk. Starfsemi þeirra er á sviði rannsókna og miðlunar. Yfirleitt bjóða þau upp á sýningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra.

Sýning sem er sjálfstæð rekstrareining sinnir miðlun þekkingar, m.a. um menningararf, menningu og samfélag.

Markviss uppbygging

Mikilvægt er að treysta tengsl yfirvalda og almennings við söfnin sem búa yfir dýrmætri þekkingu á meðhöndlun, varðveislu og miðlun menningararfs. Því eru söfn eðlilegur valkostur þegar leitað er eftir ráðgjöf og samvinnu um uppbyggingu nýrra stofnana á sviði miðlunar menningararfsins.

Áherslur og stefnumörkun ríkisvaldsins á sviði safnamála koma að verulegu leyti fram með því hvernig stjórnvöld deila út fjármunum til þessa málaflokks. Til að unnt sé að framfylgja stefnu þarf fjármagn, og fylgi úthlutun þess skýrri stefnumótun verður til mikilvægur hvati fyrir söfn til að fylgja opinberri stefnu; stefna ríkisins í málaflokknum verður þar með líklegri en ella til að ná tilætluðum árangri.

Efla þarf opinbera sjóði sem úthluta fjármagni til safnastarfs og þjóðminjavörslu, s.s. safnasjóð, húsafriðunarsjóð og fornleifasjóð. Það er afar mikilvægt að opinberu fjármagni til safnastarfs verði beint í gegnum safnasjóð. Fjármagni til safnastarfs þarf að ráðstafa á markvissan hátt til að það nýtist sem best og skipuleg og fagleg uppbygging safnastarfs sé tryggð til framtíðar.

Markmið

Grundvöllur safnastarfs

*Samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi
Opinberar fjárveitingar til safnastarfs verði byggðar á faglegum grunni
Metnaðarfull uppbygging og árangursríkt safnastarf
Öflugt höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu á landsvísu*

Miðlun

Vönduð miðlun og fræðsla með aðgengi fyrir alla

Söfnun

Aukin samvinna safna við söfnun, skipulag hennar og þróun

Skráning

Sarpur – sameiginlegur rafrænn gagnagrunnur á landsvísu með vefgátt fyrir almenning

Varðveisla

Öryggi safnkosts verði tryggt til framtíðar

Rannsóknir


Rannsóknarstarf safna verði eft

Samvinna

Samvinna safna við ferðaþjónustu, menntastofnanir og fræðasetur verði efl

Í köflunum sem fylgja hér á eftir verður hvert markmið tekið fyrir sig og skilgreindar leiðir að því.

Órjúfanlegt samhengi faglegs safnastarfs



2. Grundvöllur safnastarfs

Markmið

Samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi

Leiðir

Hlutverk samkvæmt lögum

Safnalög nr. 106/2001 og þjóðminjalög nr. 107/2001 leggja grunnin að starfsemi minjasafna og kveða á um hlutverk þeirra. Um minjasöfn er sérstaklega fjallað í þjóðminjalögum, en í 5. gr. þeirra er hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og minjasafna skilgreint þannig:

„Að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípi, kirkjugrípi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innanlands og utan.“

Í sömu grein segir að byggðasöfnunum beri að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir viðkomandi byggðarlag eða landsfjórðung.

Með stofnun minjasafns er verið að takast á hendur varðveislu heimilda og gripa til framtíðar í þágu samfélagsins. Almennur á að geta gengið að þessum heimildum vísu. Eigendur safna þurfa að gera sér grein fyrir þessu hlutverki og þeirri skuldbindingu sem felst í safnastarfi til langs tíma. Þeim ber að búa þannig að söfnum að þau geti uppfyllt lögbundið hlutverk sitt og farið eftir gildandi safnastefnu. Telji eigendur sér ekki fært að halda starfsemi safnsins gangandi er mikilvægt að farið sé eftir stofnskrá við ráðstöfun safnkosts.

Þjónusta safna

Minjasöfn eru þjónustustofnanir sem gegna mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímann. Með því að veita aðgang að heimildum um fortíðina gefa þau safngestum tækifæri til að sækja sér þekkingu á eigin forsendum. Upplýsingar um

safnkost minjasafna skulu vera aðgengilegar almenningi.

Samráð og samvinna

Mikilvægt er að eigendur og starfsmenn safna hlusti á hugmyndir almennings um söfnunarstefnu, sýningarefni og nálgun, með það að leiðarljósi að nýta sem best þá þekkingu sem söfnin búa yfir en stuðla um leið að nýsköpun.

Söfn ættu að vera vettvangur fyrir nýjar hugmyndir að sýningum, söfnun og rannsóknum í stað þess að stofnað sé til nýrra rekstrareininga. Þannig séu kannaðar leiðir til að efla þá starfsemi sem fyrir er og byggja upp faglegt starf.

Vinafélög og sjálfbóðaliðar

Víða hafa verið stofnuð hollvinafélög safna sem hafa unnið ótullega að því að efla safnastarfið. Söfn eru hvött til þess að hlú að slíku frumkvæði frá samfélaginu og gefa vinafélögum og hollvina-samtökum kost á að taka virkan þátt í uppbyggingu safnastarfsins. Sjálfsagt er að efla jafnframt sjálfbóðastarf innan safna eftir því sem við á, en störf sjálfbóðaliða þjóna bæði stofnuninni sjálfri og þeim sem bjóða sig fram. Vinna með sjálfbóðaliðum eflir tengsl safnsins við samfélagið og áhugahópa og opnar möguleika á gagnkvæmum skiptum á þekkingu og reynslu og styður þar með við menntunarhlutverk safnanna.

Markmið

Opinberar fjárveitingar til safnastarfs verði byggðar á faglegum grunni

Leiðir

Safnasjóður verði eflur

Unnið verði að því í samstarfi stjórnvalda og safnanna að opinberar fjárveitingar til reksturs safna og sérstakra verkefna þeirra verði fyrst og fremst veittar í gegnum safnasjóð eftir faglega umfjöllun á hans vegum.

Alþingi taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar (2009) þar sem bent er á mikilvægi þess að ákvarðanir um fjárveitingar ríkisins til safnastarfs byggji á skýrri stefnu, faglegum grunni og hafi langtímahagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Skýrt samhengi verði milli fjárveitinga og stefnu stjórnvalda í safnamálum.

Markviss uppbygging safnastarfs

Samningar hafa víða verið gerðir milli ríkis og sveitarfélaga sem miða að því að efla menningarstarf á þeim landsvæðum sem viðkomandi samningar ná til. Þessir samningar (svonefndir menningarsamningar) þurfa að byggja á skýrri stefnu og kveða jafnframt á um auknar skyldur sveitarfélaganna sem njóta þeirra til að styðja við menningarstarfsemi á eigin vegum. Hvatt er til þess að ákveðnu hlutfalli styrkjanna verði varið til uppbyggingar menningarstofnana sem þegar eru starfandi í viðkomandi sveitarfélögum. Þá verði ákveðnu hlutfalli einnig varið til nýsköpunar og grasrótastarfs á menningarsviðinu, gjarnan í samstarfi við menningarstofnanir sem fyrir eru á svæðinu. Slík stefnumótun getur stuðlað að stöðugleika og framþróun menningarstofnana á hverju svæði og skapað faglegan og gróskumikinn vettvang fyrir nýjar hugmyndir.

Markmið

Metnaðarfull uppbygging og árangursríkt safnastarf

Leiðir

Samhengi safnastarfs

Faglegt safnastarf felur í sér ólíka þætti sem tengjast á margvíslegan hátt. Söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun þurfa að fara fram í innbyrðis samhengi með safnkostinn í fyrirrúmi. Miðlun getur ekki átt sér stað nema í samhengi við safnkost, vönduð skráning er undirstaða rannsókna, sem eru síðan grundvöllur miðlunar. Rannsóknir eru nátengdar skráningu og miðlun sem þurfa að taka mið af varðveislunni. Þá þarf að huga að varðveislunni á öllum sviðum, á safngripum, skráningargögnum, sem og niðurstöðum rannsókna. Stefnumótun og starfsemi innan safna þarf að taka mið af þessu margþætta samhengi.

Mannauður – menntun – endurmenntun

Söfn veiti starfsfólki tækifæri til uppbyggingar og þróunar í starfi.

Safnmenn eru hvattir til að afla sér menntunar sem nýtist í starfi, enda hefur aukin menntun starfsfólks safns ætíð jákvæð áhrif á framvindu og þróun safnastarfs (sjá nánar í viðauka). Eigendur og stjórnendur safna eru hvattir til að veita starfsmönnum svigrúm til að sækja sér endurmenntun, s.s. nám í fræðum tengdu safnastarfinu.

Varðveisla þekkingar

Reynsla og þekking sem skapast í safnastarfinu eru verðmæti sem mikilvægt er að varðveita. Tryggja þarf að reynsluforðinn aukist með hverri kynslóð og verði ávallt aðgengilegur, til dæmis með ítarskráningum gripa, geymsluskrám, rannsóknaniðurstöðum, skýrslum og samantektum um verkefni og miðlun þeirra. Það er mikilvægt að starfsmenn og eigendur safna tryggi samféllt, faglegt starf svo að mikilvæg þekking glatist ekki.

Sjálfsmat

Til að bæta árangur safnastarfs er nauðsynlegt að meta hvernig safn rækir hlutverk sitt og nær til safngesta. Reglulegar kannanir eru tæki sem söfn geta nýtt sér í þessum tilgangi og ætti safnaráð að vera vettvangur samstarfs um slíkt.²

Safnastefna

Samkvæmt safnalögum skal hvert safn móta sér stefnu til fjögurra ára. Mælt er með því að söfn hafi *Safnastefnu á sviði Þjóðminjavörslu* til hliðsjónar við stefnumörkun. Einnig væri gagnlegt að hvert svæði ynni sameiginlega að mótun stefnu um safnastarf á svæðinu.

Auknar gæðakröfur

Efla þarf markvisst gæðakröfur um starfsemi safna sem forsendu þess að þau fái styrki úr safnasjóði. Meðal skilyrða safnaráðs sem fylgja þarf vel eftir eru t.d.: Að safn uppfylli ákvæði gildandi safnalaga um faglegt safnastarf, starfi í samræmi við settar reglur, s.s. alþjóðlegar samþykktir og siðareglur ICOM, hafi menntaðan og/eða sérhæfðan starfsmann sem sinni grunnatriðum safnastarfsins, sé aðgengilegt og opið almenningi, hafi traustan fjárhagslegan starfsgrundvöll, ráði yfir viðunandi geymslum og að öryggismál þess séu í lagi.

Samstarf safna og ferðapjónustu

Menningartengd ferðapjónusta gegnir veigamiklu hlutverki í miðlun þekkingar um menningararf, bæði til innlendra og erlendra gesta. Treysta þarf tengsl safnastarfsemi við ferðapjónustu í landinu, en um leið gæta þess að samvinna í þessum málum sé ætíð byggð á grundvelli faglegs safnastarfs.

Markmið

Öflugt höfuðsafn á sviði Þjóðminjavörslu á landsvísu

Leiðir

Fyrirmynd annarra

Þjóðminjasafn Íslands, sem höfuðsafn á sviði Þjóðminjavörslu, ræki hlutverk sitt með þeim hætti að það verði fyrirmynd annarra safna um fagleg vinnubrögð við öflun upplýsinga og skráningu, fullnægjandi varðveisluskilyrði og miðlun hvers konar. Einnig hafi safnið forgöngu um mótun *Safnastefnu á sviði Þjóðminjavörslu* og fylgi henni eftir í samstarfi við safnaráð.

Fræðsla – endurmenntun

Þjóðminjasafn Íslands styðji við fræðslu og endurmenntun safnmanna, s.s. með fyrirlestrum, útgáfu og miðlunarstarfi almennt.

Samstarf

Þjóðminjasafn Íslands hvetji til og leiði samstarfsverkefni sem miði að því að styrkja minjavörsluna í landinu og efla færni safna og safnmanna á ýmsum sérsviðum.

Ráðgjöf

Minjasöfn landsins hafi aðgang að faglegri ráðgjöf sérfræðinga Þjóðminjasafns Íslands í samræmi við lögbundið hlutverk þess eins og svigrúm er til hverju sinni. Safnið leitist einnig við að vísa öðrum söfnum á frekari sérfræðiþekkingu, þar sem hana er að finna.

Þjónusta

Þjóðminjasafn Íslands leitist við að veita minjasöfnum landsins þjónustu eins og svigrúm er til hverju sinni. Í bóka- og heimildasafni safnsins sé veittur aðgangur að heimildum, og þar sé jafnframt aðgangur fyrir almenning að upplýsingum úr skráningarkerfinu Sarpi. Þá skal safnið vera minjasöfnum til aðstoðar við úrlausn erfiðra mála og sendi viðbragðshóp á vettvang ef aðstæður krefjast (t.d. eftir eldsvoða, vatnsleka eða jarðskjálfta).

² Safnaráð leiðir gerð sameiginlegrar könnunar sem fyrst var tekin í notkun sumarið 2010 og mun geta gefið mikilvægar samanburðarhæfar upplýsingar um söfnin í landinu. Fyrirhugað er að gera slíka könnun árlega.

Þjóðminjasafnið veiti einnig ýmsa frekari þjónustu gegn gjaldi, s.s. eftirtökur ljósmynda og forvörslu. Safnið láni einnig öðrum söfnum safngripi úr safnkostinum í samræmi við útlánareglur sem það hefur sett.

3. Miðlun

Markmið

Vönduð miðlun og fræðsla með aðgengi fyrir alla

Leiðir

Aukið aðgengi fyrir alla

Söfn þurfa að bjóða upp á aðgengi fyrir alla að þeim byggingum sem þau starfa í. Í gömlum húsum getur verið erfitt að leysa aðgengismál svo vel sé þar sem ólíkir hagsmunir geta rekist á, en við allar nýjar framkvæmdir er mikilvægt að hafa þetta atriði ávallt í huga.

Allir gestir eiga að geta nýtt sér þá þekkingu sem söfnin búa yfir, óháð aldri, menntun eða uppruna. Bætt aðgengi getur falist í einföldum hlutum eins og að stækka letur á sýningartextum, sem og í því að hafa texta á fleiri tungumálum, láta útbúa bækling á blindraletri eða bjóða hljóðleiðsögn.

Þá mun vaxandi framboð á stafrænu efni á vegum safna verða lykilþáttur í að auka miðlun efnis á þeirra vegum á komandi árum.

Safngestir búa yfir mikilli þekkingu og reynslu sem safnið getur nýtt í sínu starfi og er gagnlegt að söfn leiti fjölbreyttra leiða til að nálgast hana og varðveita.

Miðlun byggð á rannsóknarniðurstöðum

Sýningar eru sá vettvangur sem söfn nýta sér mest til að miðla menningararfinum til almennings. Hvatt er til þess að sýningar safna byggi á niðurstöðum rannsókna.

Sýning getur verið þáttur í rannsókn, eða leitt til frekari rannsókna. Mikilvægt er að söfn beiti faglegum aðferðum við túlkun og miðlun á heimildum og séu vettvangur ólíkra sjónarmiða.

Margvíslegar miðlunaraðferðir

Aðferðir til miðlunar upplýsinga eru margvíslegar og fer m.a. eftir safnkosti og fjármagni hverri þeirra er beitt. Mörg söfn búa að áratuga reynslu í miðlun og eru safnmenn hvattir til að skiptast á

hugmyndum sín á milli. Oft er hægt að ná langt með hjálp hugmyndaflugs og útsjónarsemi.

Sýningar eru hinn hefðbundni miðill safna og þær geta verið af öllum toga. Mikilvægt er að þær spegli söfnunarstefnu hvers safns á hverjum tíma. Oft er hægt að bæta aðgengi að og upplýsingamiðlun eldri sýninga á einfaldan hátt, t.d. með því að skipta út skýringartextum og bæta lýsingu. Þá hefur ný þróun í miðlunartækni margfaldað möguleika safna við framsetningu efnis, t.d. með gagnkvæmri virkni og stafrænni miðlun og er mikilvægt að söfn taki þátt í þróun nýjunga á því sviði. Með því móti má gera sýningar safna aðgengilegar gestum um víða veröld.

Vönduð og fjölbreytt safnfræðsla

Söfnum ber að stunda skipulegt fræðslustarf fyrir skóla og almenning og er þar með talin fullorðinsfræðsla og fræðsla fyrir hópa með sérþarfir. Undir safnfræðslu flokkast m.a. leiðsögn, mót-taka skólahópa, annarra hópa eða einstaklinga. Safnfræðsla skal vera fyrir alla, óháð aldri, kyni, uppruna og þjóðfélagsstöðu.³ Heimsókn á safn getur stutt við formlega kennslu í skólum, en safn getur einnig haft hlutverki að gegna í hefðbundnu skólastarfi. Æskilegt er að safnfræðsla fyrir grunnskóla taki mið af aðalnámsskrá skólanna og sé unnin í samstarfi við skólana. Til að safnfræðsla og skólastarf nái sem bestum árangri er brýnt að jafnan sé opin umræða um námskrár og tengsl skólanna við safnastarfið.

Safnfræðsla getur farið fram á margvíslegan máta, t.d. í formi leiðsagnar, fyrirlestra, upplifunar og snertingar, sem og í formi leikja og þrauta sem foreldrar og börn taka þátt í saman.

Minjasöfn ættu að stefna að ráðningu safnkennara sem menntaðir eru í greinum sem tengjast safnastarfi, auk kennaramenntunar eða kennslureynslu.

3 Árið 2006 stóð safnaráð fyrir samráðsfundi safna af öllu landinu um gerð heildarstefnu um menntunarhlutverk safna. Stefnan er aðgengileg á vefsíðu safnaráðs og heitir *Fræðsla fyrir alla*. Hún er mikilvægt leiðarljós safna um miðlun og fræðsluhlutverk.

Markvisst kynningar- og markaðsstarf

Markaðssetning safnanna hefur verið með margvíslegum hætti. Æskilegt er að söfn vinni saman í markaðssetningu, en slíkt getur verið bæði hagkvæmara og áhrifaríkara fyrir alla sem að slíku samstarfi koma.⁴

Söfn eru hvött til þess að hafa upplýsingar um starfsemi sína aðgengilegar á vefnum, t.d. með eigin heimasíðu og/eða á upplýsingasíðu safnaráðs.

Mikilvægt er að söfn geri ráð fyrir og stuðli að aðgengi allra í markaðsstarfi sínu.

Söfn kynni á markvissan hátt lýðræðis- og samfélagslegt hlutverk sitt, s.s. sinn þátt í símenntun fyrir almenning og þá þjónustu sem þau veita. Í því felst að þau kynna safnkostinn, þær heimildir sem safnið varðveitir um hann og með hvaða hætti aðgengi að þessum upplýsingum er háttáð.

4 Dæmi eru um að söfn hafi tekið sig saman um markaðssetningu á ákveðnu svæði eða söfnunarflokki s.s. Söguslóð um Skagafjörð til Siglufjarðar, Safnapassi í Eyjafirði og samstarf sjóminjasafna.

4. Söfnun

Markmið

Aukin samvinna safna við söfnun, skipulag hennar og þróun

Leiðir

Skilgreining/endurskoðun söfnunarstefnu

Söfnunarstefna lýsi aðferð við söfnun gripa, myndefnis og heimilda. Hún kveði á um m.a. hvernig staðið er að vali og söfnun gripa (muna og ljósmynda) og skriflegra, munnlegra og annarra upplýsinga. Slík söfnunarstefna skal vera fyrsti verkþáttur rannsókn- og varðveislustarfs á söfnum og leggja grunn að öðrum þáttum safnastarfsins.

Hvert safn móti söfnunarstefnu í samræmi við hlutverk sitt og safni af virðingu og tillitssemi. Til að ná settum markmiðum þarf að beita aðferðafræði sem byggir á starfsvettvangi viðkomandi safna. Tilgreina þarf söfnunarsvið safnsins, söfnunartímabil og söfnunarsvæði.

Byggðasöfnum ber samkvæmt Þjóðminjalögum að taka mið af því sem hefur sögulegt gildi fyrir þeirra starfssvæði, en jafnframt gilda ákveðin viðmið innan tiltekinna söfnunarflokka sem endurspeglar sérhæfingu safna. Söfnunarstefna skal vera mótuð í samræmi við siðareglur ICOM og ber að endurskoða hana reglulega.

Miðlun söfnunarstefnu

Hvert safn geri söfnunarstefnu sína aðgengilega, sbr. grein 2.1 í siðareglum ICOM, t.d. með því að birta hana á vef safnsins. Söfnunarstefna getur haft áhrif á samvinnu og verkaskiptingu safna og þar með á skipulag þeirra. Bætt aðgengi að þessum upplýsingum getur einnig auðveldað leit að samstarfsaðilum. Þá er einnig gagnlegt að þessar upplýsingar séu aðgengilegar samfélaginu, sem tekur þátt í ferlinu með því að bjóða söfnum gripi til varðveislu.

Samráð/samstarf

Söfn hafa beitt ýmsum aðferðum við söfnun og

hefur oft verið um mikilvægt björgunarstarf að ræða. Þó má búast við að víða eigi sér stað tvi-verknaður við söfnum tiltekinna tegunda gripa á meðan ýmsum sviðum hafi ekki verið sinnt. Með skráningu allra safna á safneign sinni í upplýsingakerfið Sarp munu skapast forsendur fyrir að til verði sameiginleg yfirsýn yfir allan safnkost minjasafna.

Samráð um söfnun, t.d. innan ákveðinna fagsviða eða landssvæða, getur stuðlað að markvissari söfnun allra aðila. Söfn leitist því við að sérhæfa sig í samræmi við umhverfi sitt og hlutverk og geti þannig skipt með sér verkum þegar við á. Lagt er til að söfn hafi samráð um söfnunarstefnu eftir því sem kostur er með það að markmiði að engin svið menningararfs Þjóðarinnar séu vanrækt.

Þjóðminjasafnið hafi frumkvæði að því að skilgreina þau svið söfnunar sem mikilvægast er að söfnin í landinu sinni. Samhliða slíkri greiningu verði unnið að mótun verklagsreglna um grisjun fyrir söfnin í landinu. Söfnin geta þá haft þessar skilgreiningar til hliðsjónar við mótun söfnunarstefnu og frekari þróun verkefna. Hvatt er til víðtæks samstarfs og verkaskiptingar á þessu sviði milli minjasafna og Þjóðminjasafns Íslands.

Ýmis fyrirtæki og opinberar stofnanir hafa einnig sýnt áhuga á söfnun á sínum sviðum og varðveita jafnvel mikilvægar gripaheildir. Sjálf-sagt er að virkja slíka aðila til samstarfs þar sem það á við.

Samtímasöfnun

Norræn minjasöfn hafa á undanförunum áratugum mótað aðferðir við söfnun menningarminja úr samtímanum sem skotið hefur rótum í fjölda safna á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Aðferðin er upprunnin í Svíþjóð og er yfirleitt kennd við *Samdok*, sem er stytting á *Samtidsdokumentation*. Hér á landi hefur þessi tegund söfnunar verið nefnd samtímavarðveisla eða samtímasöfnun (sjá nánar á vefsvæðinu www.nordiskamuseet.se). Sérstök nefnd, COMCOL, hefur nú verið sett á laggirnar hjá ICOM og hefur málefni samtímasöfnunar til umfjöllunar.

Kjarni samtímasöfnunar felst í því að nýta fleiri en eina nálgun við söfnunina, og ná þannig betur utan um heildina en hægt væri ef einungis ein leið væri valin. Út frá skilgreindu markmiði er þá t.d. safnað þjóðhátum, munum og ljósmyndum.

Stefna ber að því að gert verði átak í söfnun og skráningu samtímamanna hér á landi.

Þjóðminjasafnið, sem höfuðsafn, leiði samstarf um mótun stefnu í samtímasöfnun fyrir menningarminjasöfn.

Samvinna um samtímasöfnun taki mið af sérhæfingu safna og leiði þannig til verkaskiptingar þeirra á milli.

5. Skráning

Markmið

Sarpur – sameiginlegur stafrænn gagnagrunnur á landsvísi með vefgátt fyrir almenning

Leiðir

Gerast aðili að Sarpi

Öll minjasöfn eru hvött til þess að gerast aðilar að Sarpi (sjá nánari upplýsingar í viðauka). Sameiginlegur miðlægur gagnagrunnur stuðlar að fagmennsku í starfsemi safna og um leið að því að minjavarslan í landinu sé einn starfsvettvangur. Aðild allra minjasafna að gagnagrunninum rennir styrkari stöðum en ella undir allt rannsóknarstarf, söfnun, úrvinnslu og miðlun þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja. Lögð er áhersla á að öll minjasöfn verði orðin aðilar að Sarpi fyrir lok árs 2014.

Söfn sem hafa byggt upp eigin gagnagrunna en stefna á aðild að Sarpi eru hvött til að leita eftir samvinnu við önnur söfn við undirbúning á yfirfærslu gagna, þar sem það á við. Mikilvægt er að sú reynsla og þekking sem hefur skapast á þessu sviði nýtist sem best.

Fræðsla

Skráning safngripa er sérhæfð vinna sem byggist á þjálfun og reynslu. Lagt er til að Sarpur standi árlega að fræðslu um skráningu í hverjum landshluta, ásamt þjálfun/endurmenntun í skráningu.

Söfn kynni sér leiðbeiningar um skráningu safngripa á vefsíðu safnaráðs. Mikilvægt er að starfsmenn safna öðlist viðeigandi þekkingu og færni á því sviði og sækji sér endurmenntun reglulega

Gæðakröfur verði mótaðar

Safnaráð, í samráði við Þjóðminjasafn Íslands, móti gæðakröfur um skráningu, bæði hvað varðar upplýsingar um safngripina og ljósmyndir af þeim sem varðveittar eru í Sarpi.

Áhersla á skráningu

Það verði sameiginlegt keppikefli minjasafna

í landinu að stuðla að skráningu í gagnagrunninn Sarp. Hvatt er til samvinnu á milli safna um skráningu, til að þekking sérhæfðra starfsmanna nýtist sem best.

Átak verði gert í skráningu og varðveislu skjalasafna safnanna, í samræmi við lög og leiðbeiningar Þjóðskjalasafns Íslands. Gögnin eru mikilvægar frumheimildir sem þarf að varðveita og gera aðgengileg.

Stafræn varðveisla

Unnið hefur verið að því að koma hluta menningararfsins í stafrænt form, með því að vista gögn eins og afrit af ljósmyndum og ljósmyndir af safngripum með þeim hætti. Mikilvægt er að móta langtímastefnu um stafræna varðveislu og að slík stefna verði endurskoðuð reglulega í samræmi við tæknilegar breytingar. Hvatt er til þess að samráð verði haft við bóka- og skjalasöfn, til þess að nýta reynslu þeirra á þessu sviði.

Vönduð stafræn skráning er þáttur í varðveislu. Með því að koma upplýsingum á stafrænt form og gera þær aðgengilegar minnkar þörfin á umgengni við safngripinn sjálfan og því verður minni hætta á sliti og skemmdum.

Stefnumótum um stafræna varðveislu taki til meðferðar vandamál við geymslu stafrænna gagna. Með því að reka samræmdan gagnagrunn ættu að skapast fjárhagslegar og þekkingarlegar aðstæður til þess að vanda til verka við stafræna vistun og standa að nauðsynlegum uppfærslum.

6. Varðveisla

Markmið

Öryggi safnkosts verði tryggt til framtíðar

Leiðir

Húsnæði

Geymslur safna þurfa að uppfylla lágmarkskröfur varðandi t.d. raka, hitastig og öryggi, annars geta mikil verðmæti farið forgörðum. Safn þarf sérstaka aðstöðu til að varðveita safnkost sinn við öruggar og aðgengilegar aðstæður og til að sinna forvörslu. Húsnæði þar sem safnkostur er, hvort sem er á sýningum eða í geymslum, þarf að uppfylla ákveðin skilyrði um varðveislu, aðgengi og öryggi safnskostins. Einnig er mikilvægt að huga að öryggi og heilsu safngesta og starfsmanna.

Fræðsla

Þjóðminjasafn Íslands, í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn Íslands, gefi út handbók á íslensku um varðveislu gripa sem verði aðgengileg á vefnum.

Námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands og endurmenntun á vegum FÍSOS bjóði markvisst upp á fræðslu um meðhöndlun safngripa.

Staðlar

Söfn kynni sér gæðastaðla fyrir safngeymslur þar sem fram koma lágmarkskröfur um aðstöðu til að varðveita og forverja safnmuni. Safnaráð hefur hafið verkefni þar sem sett verða fram viðmið og kröfur um varðveisluskilyrði safna í samráði við sérfræðinga höfuðsafna (sjá drög á vefsíðu safnaráðs). Mikilvægt er að sú vinna skili sér í nýtilegum stöðlum um aðstöðu safna til varðveislu og forvörslu.

Samstarf

Safnkostur skal ávallt varðveittur á forsendum faglegs safnastarfs. Í því ljósi er mikilvægt að fagaðilar innan hvers safns móti stefnu þess um varðveislu safnkostsins. Ljóst er að á næstu árum verður þörf á miklu átaki til úrbóta á safn-

geymslum fjölmargra safna, sem geta orðið kostnaðarsamar.

Samstarf safna ætti að geta leitt til hagkvæmari lausna og betri nýtingar fjármagns í slíku átaki. Mikilvægt er þó að skammtímahagsmunir ráði ekki ferð þegar unnið er að úrbótum í geymslumálum safna.

Fyrirbyggjandi forvarsla

Söfn þurfa stöðugt að huga að forvörslu safnkostsins. Bæta þarf aðstöðu til að forverja og varðveita safngripi. Söfn geri áætlun um fyrirbyggjandi forvörslu fyrir safnkost sinn og vinni markvisst eftir henni. Söfn eru hvött til að leita ráðgjafar menntaðra forvarða og afla sér þekkingar um varðveislu gripa.

Þar sem um er að ræða menningarsögulega mikilvægar byggingar eru söfn hvött til að skoða hvaða áhrif aukin umgengni kann að hafa og skilgreina umgengnisreglur um viðkvæma staði. Markmið slíkra reglna væri að tryggja varðveislu þessara staða til framtíðar.

Gerð neyðaráætlana

Mælst er til þess að söfn vinni neyðaráætlanir í samráði við slökkvilið, lögreglu og aðra fagaðila á hverjum stað. Gera þarf hættumat á hverjum stað, skilgreina hvaða ráðstafana þarf að grípa til og hver viðbrögð eigi að vera ef neyðarástand af einhverju tagi skapast. Í neyðaráætlun komi fram við hverja skal hafa samband, en auk viðbragðsaðila ættu það að vera forstöðumaður safnsins, eigendur þess, stjórn, Þjóðminjasafn Íslands og safnaráð. Starfsfólk Þjóðminjasafns metur þá aðstæður í samráði við heimamenn og sendir á vettvang viðbragðshóp ef þörf krefur.

7. Rannsóknir

Markmið

Rannsóknarstarf safna verði eft

Leiðir

Endurskoðun faglegs starfs

Rannsóknarstarf minjasafna⁵ hefst með mótun þeirra söfnunarstefnu sem ræður söfnun muna og heimilda um menningarminjar og heldur áfram er upplýsingum er safnað og þær skrásettar. Það leggur grunn að frekari rannsóknum og túlkunum. Rannsóknaráfanga lýkur oft með túlkun efnisins, hvort sem það er í formi sýningar, ritverks eða annarri miðlun eins og nánar er vikið að í 3. kafla.

Mikilvægt er að söfn setji sér rannsóknar-markmið í samhengi við dagleg störf safnsins og gæti þannig að samhengi í faglegu safnastarfi. Rannsóknir eru forsenda söfnunar og miðlunar upplýsinga um safnkost og menningararf. Þær eru jafnframt hluti af öllum þáttum safnastarfs, frá mótun söfnunarstefnu, skráningu, miðlun og varðveislu til kynningar. Gott er að greina slíka vinnu niður í þætti⁶ og nálgast verkefnið sem rannsókn.

Aðgengi að rannsóknarniðurstöðum

Sýningar, vefmiðlun, fyrirlestrar og útgáfa eru helstu birtingamyndir rannsókna á söfnum. Þessi miðlun er m.a. framlag til fræðasamfélagsins og gefur tækifæri til að koma á framfæri þeim niðurstöðum sem rannsóknavinna hefur skilað við undirbúning sýninga.

Það er afar mikilvægt að helstu niðurstöður rannsókna séu gerðar opinberar með einhverjum

5 Rannsóknir innan minjavörslunnar taka til margra sviða, svo sem handverks og tækni, byggingalistar, sagnfræði, þjóðháttfræði, fornleifafræði, þjóðfræði, safnafræði, mannfræði, efnafræði og fleira. Rannsóknir á safnkosti eru í eðli sínu þverfaglegar, fela í sér mikla sérhæfingu og kalla á víðtækt samstarf. 4. gr. safnalaga nr. 106 /2001 og 3. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 kveða á um rannsóknarskyldu minjasafna, en þau hafa í reynd ekki bolmagn til að sinna henni nema með aðstoð eða samvinnu.

6 Grunnþættir rannsókna: skilgreining á rannsóknarspurningu(m), val á aðferðafræði, söfnun gagna, úrvinnsla gagna og miðlun niðurstaðna (sjá nánar í Skýrslu Farskóla FÍSOS 2006).

hætti að þeim loknum (s.s. með útgáfu sýninga-
skrár, skýrslu eða greinar). Einnig eru söfn hvött
til að varðveita á skipulegan hátt þau gögn sem
verða til við sýningagerð, svo þau nýtist sem
heimildir við frekari rannsóknir í framtíðinni.

Samstarf við söfn / háskóla / fræðimenn

Söfn eru hvött til að hafa frumkvæði að rann-
sóknasamstarfi sín á milli og tengjast í ríkari
mæli háskóla- og fræðasamfélaginu og þeim
rannsóknum sem þar fara fram. Þjóða má nem-
endum að vinna verkefni á sviði safnastarfs.
Einnig gætu söfn boðið fram vinnuástöðu fyrir
fræðimenn og nemendur og tengst rannsóknum
með þeim hætti.

Þátttaka safns í rannsókn getur falist í hluta
rannsóknarinnar, t.d. söfnun og skráningu upp-
lýsinga eða miðlun á niðurstöðum rannsókna
með sýningum, fyrirlestrum eða útgáfum. Hægt
er að brjóta rannsókn upp í einstök skref þannig
að söfn um allt land sjái fjölbreytta möguleika til
samstarfs á þessu sviði.

8. Samvinna

Markmið

*Samvinna safna við ferðaþjónustu, mennta-
stofnanir og fræðasetur verði eflad*

Leiðir

Samstarf

Söfn um allt land eru hvött til þess að eiga frum-
kvæði að samvinnu og samráði sín á milli. Mikil-
vægt er að söfn vinni saman á faglegum grunni að
ýmsum hagsmunamálum og sértækum verkefnum.⁷ Æ ríkari kröfur eru gerðar um hagræðingu
í rekstri safna. Því er mikilvægt að efla samstarf
um verkefni á sviði söfnunar, skráningar, rann-
sóknna, varðveislu og kynningarmála. Æskilegt er
að safnaráð styðji slík verkefni með styrkjum úr
safnasjóði. Samstarf getur leitt til aukins árang-
urs allra þátttakenda, en það er ekki síst hlutverk
stærri safnanna að eiga frumkvæði á þessu sviði.

Samstarf/sameining

Safnaráð stuðli að sameiningu og samvinnu milli
safna, t.a.m. með styrkjum til samstarfsverkefna
og með því að styðja við þjónustusamninga um
faglega og rekstrarlega samvinnu milli safna.

Rekstrarfé safna verði nýtt eins vel og hægt
er með víðtæku samstarfi, m.a. um söfnun, skrán-
ingu, varðveislu og markaðssetningu. Mikilvægt
er að faglegt safnastarf líði þó ekki fyrir hagræð-
ingu. Þá þarf að hafa að leiðarljósi að efla faglegt
starf og gera hverri einingu kleift að þróa starf
sitt í samhengi við þarfir og kröfur hvers tíma.
Afar mikilvægt er að fagaðilar innan safnanna
séu þátttakendur í þessari stefnumótun.

Rekstraraðilar og/eða eigendur safna eru
hvattir til að vinna að að sameiningu safna þar
sem það á við og stuðla þannig að færri en öflugri
einingum. Markmiðið með slíkum samruna er að
auka hagkvæmni í rekstri og auka gæði faglegs

⁷ Sem dæmi um samstarfsverkefni má benda á verkefni á borð við
Aðgengi fyrir alla sem unnið var að frumkvæði safnaráðs og Þjóð-
minjasafns veturinn 2007–2008. Söfn á hverju svæði unnu saman
að því að skoða aðgengismál frá ýmsum sjónarhornum og kynntu
niðurstöður sínar á málþingi.

starfs og þjónustu. Huga þarf vel að lagalegum og skipulagslegum þáttum, s.s. samþykktum og innra skipulagi stofnana, í sambandi við slíkan samruna. Mikilvægt er að fagaðilar innan safnanna séu virkir þátttakendur í þessu ferli.

Söfn kanni möguleika á að gera samstarfs-samninga um þætti sem hagkvæmt er að vinna sameiginlega, s.s. um varðveislumál, skráningu o.fl. Þá starfi þau saman að sýningarverkefnum og miðlun almennt.

Söfn kanni möguleika á að samnýta sér-hæfða starfskrafta eins og forverði, safnkennara, ljósmyndara, umsjónarmenn fasteigna o.s.frv. þar sem því verður við komið.

Samvinna við ferðaþjónustuna

Efla þarf samstarf safna við stofnanir og samtök sem móta stefnu í ferðamálum, eins og Ferðamálaráð, ferðamálastofur, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök um menningar- og sögutengda ferðaþjónustu. Söfn eru hvött til að taka virkan þátt í stefnumótun ferðamála hvert á sínu svæði og á landsvísu.

Aukin vitund um safnastarf

Söfn taki höndum saman um að efla upplýsingavef safnaráðs og setja viðeigandi upplýsingar um eigin starfsemi inn á vefinn www.safnarad.is.

Mikilvægt er að upplýsa opinbera aðila, bæði ríki og sveitarfélög, sem og allan almenn-ing, um þá starfsemi sem fram fer á söfnum og á vegum safnaráðs, höfuðsafnanna þriggja, FÍSOS, ICOM, Félags safnafræðinga og Félags forvarða.

9. Heimildir

FÍSOS. *Söfn í samfélagi – hlutverk og samstarf. Skýrsla Farskóla FÍSOS*. 2006.

Íslandsdeild ICOM. *Síðareglur Alþjóðaráðs safna*. 2006.

Menntamálaráðuneyti. *Safnastefna á sviði þjóð-minjavörslu fyrir árin 2003–2008*. 2003.

Ríkisendurskoðun. *Íslensk muna og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé. Skýrsla til Alþingis*. 2009.

Safnalög nr. 106/2001.

Safnaráð. *Fræðsla fyrir alla. Menntunarhlutverk safna, staða og stefna*. 2007.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

10. Viðaukar

Safnaráð

Safnaráð var stofnað með safnalögum nr. 106/2001 og ráðinu jafnframt ætlað hlutverk samkvæmt lögum nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa. Safnaráð er fjölskipað stjórnvald og stjórnáráðuneyti sem starfar undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Samkvæmt 3. og 11. gr. safnalaga er hlutverk safnaráðs fjórþætt:

1. Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna.
2. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum sem hljóta ríkisstyrki.
3. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði.
4. Sæki safn um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytis samkvæmt 11. gr. safnalaga til öflunar húsnæðis fyrir starfseminum styrkveiting háð samþykki safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði.

Samkvæmt 2., 4., 5., 6. og 7. gr. laga nr. 105/2001 og 7. gr. safnalaga bætist annað tvíþætt hlutverk við hin fyrri:

5. Safnaráð veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem teljast til menningarverðmæta samkvæmt 2. og 4. gr. laga nr. 105/2001.
6. Safnaráð skal annast framkvæmd skila á menningarminjum er fluttar hafa verið með ólöglegum hætti til Íslands, til hlutaðeigandi ríkja.

Með tilkomu safnaráðs hefur mikið áunnist í því að gera starf safna hér á landi markvissara og faglegra en áður. Jafnframt hefur starf safnaráðs skilað árangri í sameiginlegri stefnumótun safna um landið, sem merkja má til að mynda í *Fræðsla fyrir alla*, stefnu um menntunarhlutverk safna sem gefin var út af ráðinu 2007 og var byggð á víðtæku samráði safna um landið. Einnig má nefna að nú (2010) vinnur safnaráð með söfnum að verkefni um samræmda safngestakönnun íslenskra safna og jafnframt að verkefni um mat og stefnu um varðveisluskilyrði safna.

Þá hefur safnaráð sett á fót sérstaka upplýsingasiðu um íslensk söfn á vefsíðunni www.safnarad.is, þar sem allar stofnanir í safnastarfi á landinu verða skráðar. Stofnanirnar skrá sig sjálfar á síðuna, með eigin notendanafni og lykilorði og sjá sjálfar um uppfærslu upplýsinga. Á vefsíðunni má raða söfnum saman eftir landshlutum, tegund safns og þjónustu sem söfnin bjóða upp á. Stefnt er að því að vefsíðan verði vel kynnt innan menntakerfisins og ferðaþjónustunnar.

Nánari upplýsingar um starfsemi safnaráðs, auk upplýsinga og leiðbeininga um alla þætti faglegs safnastarfs, má finna á vef ráðsins, www.safnarad.is.

Gagnlegar upplýsingar

Eftirfarandi aðilar halda úti vefsíðum sem hafa að geyma upplýsingar um starfsemi safna:

- Safnaráð – www.safnarad.is
- Þjóðminjasafn Íslands www.thjodminjasafn.is
- Félag Íslenskra safna og safnmanna www.safnmenn.is
- Íslandsdeild ICOM – Alþjóðaráð safna www.icom.is

Einnig má benda á póstlista safnafræði við Háskóla Íslands, Baldursheim.

Sarpur

Vönduð skráning og aðgengilegar skrár er ein af grundvallarforsendum safnastarfs. Að frumkvæði Þjóðminjasafns Íslands hafa söfnin þróað sameiginlega miðlæga gagnagrunninn Sarp í því skyni að:

1. staðla og samræma skráningu,
2. bæta aðgengi að upplýsingum um muni og aðrar menningarsögulegar heimildir,
3. tryggja sem besta og öruggasta varðveislu upplýsinganna með nútímataækni og
4. efla samvinnu safna á landsvísu.

Unnið er markvisst að því að Sarpur uppfylli þarfir allra íslenskra safna um faglega skráningu. Þriðja útgáfa kerfisins verður tekin í notkun 2011, en hún er veflæg og byggð á vensluðum gagnagrunni (sjá www.sarpur.is).

Rekstrarfélagið Sarpur sér um kerfið og er eigandi nýju útgáfunnar. Auk gagna Þjóðminjasafns og minjasafnanna eru gögn Húsafríðunarnefndar og Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skráð í grunninn. Með því fæst meiri hagkvæmni, bætt aðgengi, aukin yfirsýn og miklir miðlunarmöguleikar.

Gríðarlegt magn upplýsinga liggur fyrir á ýmsu formi og bíður þess að verða fært í grunninn. Áætlað er að í hann fari a.m.k. 4 milljón færslur. Nú (2010) er að finna yfir 900.000 skráningar í gagnagrunninum.

FÍ SOS

Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍ SOS) var stofnað árið 1981 í þeim tilgangi að efla samstarf og menntun þeirra sem starfa á lista-, minja- og náttúrufræðisöfnum á Íslandi. Félagar geta þeir orðið sem vinna fagleg störf við lista-, minja- og náttúrufræðisöfn og þeir sem lokið hafa námi í greinum sem nýtast í starfsemi slíkra safna.

Félagið er vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast, tjá skoðanir sínar, aðstoða hver annan og styðja við safnastarf í landinu. Faglegan umræðuvettvang félaga í FÍ SOS um málefni safna hefur verið að finna á póstlista félagsins.

Íslandsdeild ICOM

Markmið Íslandsdeildar ICOM (International Council of Museums) er að efla samvinnu, gagnkvæma aðstoð og upplýsingamiðlun meðal félaga deildarinnar og einkum:

- að vinna að markmiðum ICOM, kynna þau meðal safna og sérmenntaðra starfsmanna þeirra á Íslandi og vinna að framgangi áætlana ICOM, jafnt innanlands sem utan,
- að efla aðild að ICOM meðal safna og sérmenntaðra starfsmanna þeirra á Íslandi, og að vera helsti tengiliður milli ICOM og félaga þess á Íslandi,
- að gæta hagsmuna ICOM á Íslandi,
- að koma fram fyrir hönd félaga deildarinnar gagnvart höfuðstöðvum ICOM og gæta hagsmuna þeirra, þ.m.t. faglegra, á þeim vettvangi,
- að starfa í samvinnu við alþjóðadeildir ICOM og innlend jafnt sem erlend samtök sem starfa að safnamálum.

• *Úr siðareglum ICOM:*

„Söfn eru stofnanir með fastan rekstur sem ekki eru reknar til ágóða heldur til þjónustu við samfélagið og til framgangs þess, eru opnar almenningi og safna til sín, viðhalda, rannsaka, miðla og sýna – til skoðunar, menntunarauka eða ánægju – það sem til vitnis er um fólk og umhverfi þess, hvort tveggja hið sýnilega og hið ósýnilega.“

(Upplýsingar af www.icom.is)

Félag íslenskra safnafræðinga

Markmið félagsins er:

- að efla faglega vitund íslenskra safnafræðinga og skapa vettvang fyrir umræður og skoðana-skipti þeirra á milli.
- að efla rannsóknir og kennslu í safnafræði á háskólastigi og kynna fræðigreinina meðal íslenskra safnmanna og almennings.
- að gæta faglegra hagsmuna félagsmanna sinna og stuðla jafnframt að samvinnu við þá sem starfa við tengd störf á söfnum landsins.
- að koma á og annast samskipti við sambærileg félög erlendis og fylgjast með straumum og stefnum innan fagsins.
- að vera ráðgefandi aðili á sviði safnamála og veita umsagnir og álit í samræmi við starfssvið félagsins.

Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild

Starfrækt er héraendis deild frá Nordisk Konservator Forbund, sem einnig hefur deildir í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Endurmenntun

Ýmsir menntunar- og endurmenntunarmöguleikar eru í boði fyrir safnmenn. Sem dæmi má nefna:

- Nám í safnafræði, hagnýtri menningarmiðlun, þjóðfræði, fornleifafræði og sagnfræði við Háskóla Íslands.
- Meistaránám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst.
- Nám við Listaháskóla Íslands.
- Háskólanám í safnafræði við erlenda háskóla,

s.s. University of Leicester, University of East Anglia, Göteborgs Universitet.

- Farskóli safnmanna sem FÍSOS stendur fyrir á hverju hausti.
- Endurmenntunarnámskeið FÍSOS og Endurmenntunar HÍ.
- Kennsla í fornu handverki, m.a. torfhleðslum, sem Fornverkaskólinn eða Íslenski bærinn hafa staðið fyrir.
- Fundir og fyrirlestrar hjá Þjóðminjasafni, minjasöfnum og háskólum. Safnmenn eru hvattir til að fylgjast með hvaða dagskrá er boðið uppá.

